

Útdráttur

Með umræðu sem verið hefur í þjóðfélaginu að undanfögnu um uppbyggingu álvera hafa komið fram tvær öndverðar skoðanir. Að störf í álverum séu hátæknistörf sem krefjist hásk menntunarstigs, en hinsvegar að verið sé að taka gamaldags iðnað fram yfir hátækniiðnað og sprotafyrirtæki með því að byggja álver á Íslandi. Í þessari rannsókn veða breytingar á menntunarstigi vinnumarkaðarins á Húsavíkursvæðinu skoðaðar ef fyrirhugað álver á Bakka við Húsavík verði byggt. Skoðað verður menntunarstig vinnumarkaðarins eins og það er í dag, greint frá fyrirhugðu menntunarstigi starfa innan álvers og í afleiddum störfum sem áætlað er að muni fylgja álveri. Að lokum verður nýtt menntunarstig Húsavíkursvæðisins reiknað út frá fyrirbyggjandi gögnum.